

## AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956,  
um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 23.625 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verða bætur samkvæmt lögnum, sem hér segir:

Lágmark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 37.00, fyrir kvæntan mann kr. 47.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 10.00.

Hámark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 82.00, fyrir kvæntan mann kr. 94.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 12.50.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu í júní og desember 1963, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 54 18. marz 1963, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.,  
nr. 240 6. desember 1963.

1. gr.

Í stað orðanna „1. febrúar 1964“ í 13. gr. samþykktarinnar komi: 1. apríl 1964.

Breyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*